

## Persónuverndarstefna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Persónuvernd er mikilvæg í allri starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og í því felst m.a. að starfsmenn virða mannhelgi allra þeirra sem leita til stofnunarinnar.

Í persónuverndarstefnu þessari er skýrt frá tilgangi skráningar persónuupplýsinga innan Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Greint er frá því hvaða persónuupplýsingar stofnunin vinnur, á hvaða grundvelli og í hvaða tilgangi vinnsla þeirra fer fram. Þá er jafnframt greint frá því hvernig varðveislu upplýsinga er háttað, hvort og þá hvert upplýsingunum er miðlað og hvernig öryggis þeirra er gætt.

Þessi stefna tekur til vinnslu allra þeirra persónuupplýsinga sem Heilbrigðisstofnun Vestfjarða vinnur um skjólstæðinga sem til stofnunarinnar leita og aðstandanda þeirra, eftir því sem við á. Þá tekur stefnan jafnframt til vinnslu um umsækjendur um störf hjá stofnuninni, um tengiliði birgja, þá sem heimsækja stofnunina eða hafa með öðrum hætti samband við hana. Í stefnunni er sameiginlega vísað til þessara aðila sem „þín“ og þá er eftir atvikum jafnframt vísað til stofnunarinnar sem „okkar“.

### 1. Persónuupplýsingar sem unnar eru

Nauðsynlegt er að skrá og vinna ýmsar persónuupplýsingar til að geta veitt sem besta þjónustu og sinnt þeim verkefnum sem stofnunin hefur með höndum. Rík áhersla er lögð á það að þagnarskylda og friðhelgi einkalífs sé virt við meðferð allra persónuupplýsinga og að upplýsingar séu varðveittar með öruggum hætti.

Öll vinnsla persónuupplýsinga á vegum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár og eftir atvikum annarra laga sem gilda um starfsemi stofnunarinnar þar sem mælt er fyrir um vinnslu persónuupplýsinga.

#### 1.1 Skjólstæðingar og aðstandendur þeirra

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða veitir sjúkrahús- og heilsugæsluþjónustu auk þess að reka hjúkrunarheimili. Þessi þjónusta er veitt á grundvelli laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og fer öll vinnsla því fram á grundvelli lagaskyldu nema annað sé sérstaklega tekið fram í persónuverndarstefnu þessari.

Þær persónuupplýsingar sem stofnunin vinnur um skjólstæðinga fer að miklu leyti eftir eðli þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir en almennt má skipta upplýsingum þeim sem unnið er með í eftirfarandi flokka:

- **Grunnupplýsingar**, þ.e. upplýsingar um nafn, kennitölu, heimilisfang og símanúmer

- **Tímabókanir, komur og biðlisti**, nafn, kennitala, símanúmer/netfang og ef tími er bókaður í gegnum síma, upplýsingar um ástæðu komu. Upplýsingar um meðferð sem skjólstæðingur er á biðlista fyrir.
- **Veiting heilbrigðisþjónustu og innlögn**, unnið er með upplýsingar um heilsufar skjólstæðings og þær meðferðir/hjúkrun sem viðkomandi fær ásamt því sem unnið er með upplýsingar um fyrri samskipti (s.s. síðustu komur, innlögn og greiningar). Eftir atvikum kann að vera unnið með upplýsingar um vinnustað skjólstæðings og sé skjólstæðingur barn, upplýsingar um skóla.
- **Úrlausnir**, unnið er með upplýsingar um heilsufar skjólstæðings í tengslum við tilvísanir, útgáfu vottorða, læknaþræfa, lyfseðla og niðurstöður. Þá er unnið með niðurstöður rannsóknna (s.s. myndgreiningarrannsókna, sneiðmynda og blóðrannsókna).
- **Umsókn um dvöl/þjónustu**, í tengslum við dvalarumsókn á hjúkrunarheimili, færni- og heilsumat og biðlista í endurhæfingu er unnið með heilsufarsupplýsingar ásamt grunnupplýsingum skjólstæðinga.
- **Dagplan**, í tengslum við innlögn á deildum er unnið með almennt dagplan þar sem fram koma upplýsingar um stofnunúmer, innlagnardag, upplýsingar um meðferðir, fyrirhugaða útskrift, innlagnarástæðu, sjúkdómsgreiningu og aðgerðarheiti. Á hjúkrunarheimilum er unnið með sérstakt dagplan þar sem finna má heilsufarsupplýsingar viðkomandi ásamt upplýsingum um heimsóknir og dagslegt líf skjólstæðings.
- **Aðstandendur**, í þeim tilgangi að miðla upplýsingum til aðstandenda þeirra sem dvelja á hjúkrunarheimilum hefur verið stofnuð Facebook síða þar sem upplýsingum um viðburði, afmæli og myndir er deilt til aðstandenda. Vinnsla þessi byggir á samþykki. Þá er unnið með tengiliðaupplýsingar nánustu aðstandenda sem skjólstæðingar tilgreina.
- **Greiðslur**, í tengslum við greiðslur fyrir veitta þjónustu er unnið með grunnupplýsingar ásamt upplýsingum um fjárhæðir þjónustugjalda, tryggingalega stöðu hjá Sjúkratryggingum Íslands eftir atvikum og upplýsingum um vanskil.
- **Sjúkraskrá**, óski skjólstæðingur eftir afriti upplýsinga úr sjúkraskrá eða óski skjólstæðingur eftir banni við samtengingu er unnið með slíkar beiðnir og það sama á við komi til kvartana eða kærufólks af hálfu skjólstæðings í tengslum við sjúkraskrá hans. Af hálfu stofnunarinnar á sér jafnframt stað gæðaeftirlit sem tryggir að uppflettingar í leyfisleysi eigi sér ekki stað.

Vinnsla persónuupplýsinga um skjólstæðinga stofnunarinnar fer fram í þeim tilgangi að geta veitt viðkomandi aðila sem bestu þjónustu þannig að læknar stofnunarinnar, hjúkrunarfræðingar og annað starfsfólk geti tekið upplýstar ákvarðanir og veitt rétta umönnun og meðferð. Annar tilgangur með

vinnslunni er tölfræðivinnsla yfir starfsemi og rekstur, menntun og þjálfun heilbrigðisstarfsfólks og eftir atvikum greining á kvörtunum og beiðnum.

### *1.2 Umsækjendur um störf*

Unnið er með tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, upplýsingar um menntun og fyrri störf umsækjenda ásamt þeim upplýsingum sem umsækjendur sjálfir ákveða að miðla til stofnunarinnar. Komist umsækjandi í viðtal er jafnframt unnið með upplýsingar úr viðtali auk þess sem unnið er með tengiliðaupplýsingar meðmælenda og upplýsingar um umsækjendur sem koma fram í samtölum við meðmælendur. Þessi vinnsla um umsækjendur byggir á samningi.

Í tengslum við tilgreind störf er jafnframt óskað eftir afriti af sakavottorði frá umsækjendum og byggir sú vinnsla á lögmætum hagsmunum stofnunarinnar og eftir atvikum lagaskyldu.

Tilgangur vinnslu upplýsinga um umsækjendur er að meta hæfi umsækjanda í laus störf hjá stofnuninni og til að geta haft samband við viðkomandi.

### *1.3 Tengiliðir birgja og aðrir sem eru í samskiptum við stofnunina*

Í tengslum við innkaup vinnur stofnunin með tengiliðaupplýsingar forsvarsmanna birgja stofnunarinnar. Slík vinnsla byggir á samningi.

Komi upp óvænt atvik í starfsemi stofnunarinnar er unnið með slíkar skráningar.

Óski einstaklingur eftir því að nýta réttindi sín á grundvelli persónuverndarlaga, sbr. 5. gr. í stefnu þessari er einnig unnið með slíkar beiðnir og niðurstöður afgreiðslu þeirra. Það sama á við um beiðnir er tengjast sjúkraskrá.

### *1.4 Rafræn vöktun*

Við húsnæði stofnunarinnar er viðhaft rafrænt myndavélaeftirlit. Slíkt eftirlit fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna stofnunarinnar í öryggis- og eignarvörsluskyni.

## **2. Miðlun persónuupplýsinga**

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða miðlar ekki persónuupplýsingum til þriðja aðila nema á grundvelli lagaskyldu, samningsákvæða eða með samþykki hins skráða.

Á þeim grundvelli kann upplýsingum um skjólstæðinga að vera miðlað til Tryggingastofnunar ríkisins og/eða Sjúkratryggingar Íslands (á grundvelli laga um almannatryggingar), til Embætti landlæknis (á grundvelli laga um landlækni og lýðheilsu), til annarra heilbrigðisstofnana á landsvísu á grundvelli lagaskyldu eða beiðni skjólstæðings og það sama á við um einkaaðila í heilbrigðisgeiranum og annarra sjálfstætt starfandi sérfræðinga (tilvísanir til sérfræðinga).

Á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kann tilgreindum upplýsingum jafnframt að vera miðlað til félagsþjónustunnar og til opinberra stofnana sem sinna skjólstaðingum og hafa heimild til að taka á móti upplýsingum um þá.

Hvað varðar dagplan deilda á hjúkrunarheimilum þá er þeim deilt með aðstandendum. Þá er umsókn um dvöl/þjónustu eftir atvikum deilt með heilsufarsnefnd og félagsþjónustu sveitarfélagsins.

Þá geta íslenskir vísindamenn sem stunda rannsóknir í heilbrigðisfræðum fengið aðgang að upplýsingum frá stofnuninni eftir að þeir hafa aflað leyfis vísindasiðanefnda í samræmi við lög nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Auk ofangreinds kann Heilbrigðisstofnun Vestfjarða að miðla persónuupplýsingum um þig til verktaka og annarra þriðju aðila vegna þjónustu þeirra við stofnunina, s.s. til innheimtuaðila. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila er koma fram sem vinnsluaðilar, s.s. þeirra sem veita stofnuninni upplýsingatækniþjónustu. Um slíka miðlun eru gerðir sérstakir vinnslusamningar sem tryggja örugga meðferð þeirra upplýsinga sem unnið er með. Einnig kann persónuupplýsingum þínum að vera miðlað til þriðja aðila til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

Hvað umsækjendur varðar þá er unnið með umsóknarögn í Orra sem Fjársýsla ríkisins rekur.

### **3. Varðveislutími**

Á grundvelli laga nr. 77/2014 ber Heilbrigðisstofnun Vestfjarða skylda til að varðveita öll gögn sem stofnunin hefur til meðferðar og afhenda Þjóðskjalasafni að tilgreindum tíma liðnum. Engum persónuupplýsingum er því eytt af hálfu stofnunarinnar nema með sérstöku leyfi. Það á bæði við um vinnslu upplýsinga um skjólstaðinga, umsækjendur um störf og aðra sem setja sig í samband við stofnunina. Um varðveislu sjúkraskrárgagna fer samkvæmt lögum um sjúkraskrár. Upplýsingum sem safnast með rafrænu myndavélaeftirliti er eytt innan 90 daga.

### **4. Öryggi persónuupplýsinga**

Öryggi við vinnslu persónuupplýsinga er Heilbrigðisstofnun Vestfjarða afar mikilvægt og höfum við gripið til viðeigandi öryggisráðstafana til að tryggja vernd persónuupplýsinga. Öll gögn eru aðgangsstýrð, aðeins þeir starfsmenn sem vinna með viðkomandi gögn starfs síns vegna hafa aðgang að þeim. Allar uppflettingar starfsmanna í gögnum okkar eru skráðar.

Allt starfsfólk okkar er bundið þagnareid og hefur skuldbundið sig til þess að gæta fyllsta trúnaðar. Brot á trúnaðarskyldum eru litin alvarlegum augum.

Unnið er með persónuupplýsingar skjólstæðinga, þ.á m. heilsufarsupplýsingar, í Sögu sem uppfyllir öryggiskröfur Landlæknisembættisins.

## **5. Þín réttindi á grundvelli persónuverndarlaga**

Á grundvelli persónuverndarlaga kannt þú að eiga rétt á að fá aðgang og í ákveðnum tilvikum afrit af þeim persónuupplýsingum sem við vinnum um þig sem og upplýsingar um vinnsluna.

Við ákveðnar aðstæður kannt þú jafnframt að hafa heimild til að óska eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt eða að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Þá átt þú rétt á að fá persónuupplýsingar þínar leiðréttar, séu þær rangar eða óáreiðanlegar. Því er mikilvægt að þú tilkynnir okkur um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þeim sem þú hefur látið okkur í té, á þeim tíma sem við á.

Auk þess kann að vera að þú eigir rétt á afriti af þeim upplýsingum sem þú hefur afhent okkur á tölvutæku formi, eða að við sendum þær beint til þriðja aðila.

Þegar við vinnum persónuupplýsingar þínar á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar getur þú andmælt þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortakslaus. Þannig kunna lög eða reglugerðir að heimila eða skylda stofnunina til að hafna beiðni þinni um að nýta þér umrædd réttindi. Það sama á við um betri réttindi þriðju aðila.

Ef þú vilt nýta þér þessi réttindi er þér bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar, sbr. samskiptaupplýsingar í 6. gr. í þessari stefnu.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu stofnunarinnar á persónuupplýsingum á viðkomandi rétt til að senda kvörtun eða erindi til Persónuverndar. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðunni [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Þá skal jafnframt tekið fram að á grundvelli laga nr. 55/2009 um sjúkraskrá hefur þú rétt á aðgangi að þinni sjúkraskrá, í heild eða hluta, og til að fá útskýringar á efni hennar.

## **6. Persónuverndarfulltrúi og samskiptaupplýsingar**

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða hefur tilnefnt Elínu Hólm sem persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar. Hlutverk persónuverndarfulltrúa er einkum að fylgjast með því að vinnsla stofnunarinnar sé í samræmi við persónuverndarlög og vera tengiliðir við skráða einstaklinga og Persónuvernd sem fer með eftirlit með framfylgni við löginn.

Ef þú hefur spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða vinnslu stofnunarinnar á persónuupplýsingum er þér bent á að hafa samband við persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar í gegnum netfangið [elinh@hvest.is](mailto:elinh@hvest.is) eða í síma 4504500.

Samskiptaupplýsingar stofnunarinnar:

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Kt. 650914-0740

Torfnesi, 400 Ísafirði

### **7. Endurskoðun og breytingar**

Stofnunin getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig stofnunin vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á persónuverndarstefnu þessari verður uppfærð útgáfa af stefnunni birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Þessi persónuverndarstefna var samþykkt af framkvæmdastjórn HVest þann 9. mars 2021.